



Beizk uppskera

(Riso Amaro)

Fræg ítölsk stórmynd, sem fer nú sigurför um heiminn.

Silvana Mangano
Vittorio Gassman

Sýnd kl. 5,7 og 9.

Bönnuð börnum innan
16 ára.

Teiknimyndin GOSI
Sýnd kl. 3.



Ævintýri í Baltimore

(Adventure in Holtimore)

Bráðskemmtileg ný amerísk mynd.

Aðalhlutverk:

Shirley Temple

Robert Young

Sýnd kl. 3, 5, 7 og 9.



PJÓDLEIKHÚSÍÐ

„Hve gott og fagurt“.

Sýning í kvöld kl. 20.00

Aðgöngumiðasalan opin

frá kl. 11—20.00.

Sími 80000.

Kaffipantanir í miðasöfunni.

Samband bindindisfélaga í skólum á móti vínveitingum stjórnarinnar

Mótmælir einnig bruggun áfengs öls.

ÞING Sambands bindindisfélaga í skólum, sem nýlega var haldið, gerði margar ályktanir um áfengismálin, meðal annars mótmælti það vínveitingum ríkisstjórnarinnar og bruggun áfengs öls í landinu. Leit þingið svo á að bruggun þess og sala myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir æskulýðinn.

Fara hér á eftir ályktanir þingsins:

20. þing S.B.S. lýsir ánægju sinni yfir framkominni reglugerð menntamálaráðherra um bann á vínneyzlu í skólum landsins.

Þingið telur, að reglugerð þessi geti orðið bindindishreyfingunni til góðs, sé fyrirmælum hennar fylgt að öllu leyti. Þess vegna heitir þingið á alla þá, sem hér eiga hlut að máli, að framfylgja reglugerðinni í hvívetna.

20. þing S.B.S. mótmælir hinni gegndarlausu vinsölu ríkisins og telur það ekki samrým ast menningu og velferð þjóðarinnar, að fjárhagsáfkoma ríkissjóðs sé að stórum hluta byggð á áfengis- og tóbakssölu.

Skorar þingið því á alþingi að láta hið fyrsta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um áfengisbann.

20. þing S.B.S. mótmælir bruggun áfengs öls í landinu. Litur þingið svo á, að bruggun þess og sala myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenska æsku og leiða marga út á braut drykkjuskapar.

20. þing S.B.S. telur nauðsynlegt, að bráðlega verði reist fullkomið hæli fyrir drykkju-sjúklinga og ríkissjóður greiði kostnað af byggingu þess og starfrækslu.

20. þing S.B.S. heitir á íslenska æsku að sækja ávallt fram til aukins manndóms og þroska og standa vörð um þjóðleg verðmæti, sérstaklega þó móðurmálið og íslenskt þjóðerni.

Skorar þingið á alla æsku landsins að nafa sem minnst samskipti við hinn erlenda her, sem áveist á landinu og syna í umgengni við hann fulla einurð, heiðbrigðan þjóðarmetnað og eindrægni.

20. þing S.B.S. beinir þeim ákveðnu tilmælum til alþingis, að það velti á næstu fjárlögum Sambandi bindindisfélaga í skólum um ríflegan styrk til starfsemi sinnar.

„Furðuvegir ferðalangs“, ferðasaga eftir Halliburton.

SETBERG hefur gefið út ferðasöguna „Furðuvegir ferðalangs“ eftir ameríska ferðalanginn og rithöfundinn Richard Halliburton, en hún heitir á frummálinu „The Flying Carpet“ og fjallar um ferðalag höfundarins og félaga hans í flugvélinni „Klæðið fljúgandi“ um Evrópu, auðnir Afríku og hálendi Asíu.

Þetta er önnur bókin eftir Halliburton, sem bydd er á íslensku. Hinn fyrri heitir „Sjö milna skórnir“ og hlaut miklar vinsældir, enda er Halliburton í hópi frægustu ferðalanga og víslesnustu rithöfunda, sem uppi hafa verið á þessari öld. Hann fæddist í janúar 1900, fór fyrst á flakk eftir fyrri heimsstyrjöldina og var síðan lengst um á farandsfæti, unz hann fórst á Kyrrahafi í marz 1939.

„Furðuvegir ferðalangs“ er 368 blaðsíður, að stærð í stóru

Jólasýning Listvina-salarins byrjuð.

JÓLASÝNING Listvinasalarins var opnuð í gær, en þar eru til sýnis og sölu málverk, vatns litamyndir, teikningar, svartlist og ýmsir listmanir, m. a. mynd vefnaður, silfur, steginn kopar, vefnaður, bastunir og keramik.

Á sýningunni eru myndir eftir samtals 19 málara eldri og yngri og er verð myndanna frá 100—1000 krónur. Myndvefnaðurinn er eftir Ásgerði Ester og Júlíönu Sveinsdóttur, silfurmunirnir eru eftir Ásmund Bjarnason, Val Fannar, Björn Halldórsson og Ásdís Thoroddsen, og slegnu kopar munirnir eru eftir Björn Halldórsson. Þá eru á sýningunni ýmsir keramikmunir frá Roða. Sýningin verður opin kl. 1—7 nema á fimmtudögum og sunnu dögum frá kl. 1—10 sd. Aðgangur er ókeypis.

KYNNINGARKVÖLD

Á mánudaginn og þriðjudaginn efnir Listvinasalurinn til kynningarkvölds fyrir styrktarmeðlimi. Sýndar verða kvikmyndir. Önnur fjallar um það, hvernig ballettinn varð til, en hin um kirkjulega myndlist, hvorttveggja mjög athyglisverðar og fagrar kvikmyndir.

„Við varðeldana“, frásagnir og sögur eftir Baden-Powell

SETBERG hefur gefið út bókina „Við varðeldana“ eftir Baden-Powell, alheimsskátahöfðingja í íslenskri þýðingu Sigurðar Markússonar.

Í bók þessari segir frá skátalífi, en einnig eru í henni margar sögur, sem höfundurinn endurspeglar á skemmtilegan hátt. eru það veiðiaðventýri, Indlána sögur, njósnasögur, sjóferðasögur og riddarasögur.

Bókin er 144 blaðsíður að stærð, prentuð í prentsmiðjunni Odda. Káputeikninguna gerði Atli Már Arnason.

Skemmtun Suomi 6 desember

FINNLANDSVINAFÉLAGIÐ Suomi heldur skemmtifund á þjóðhátíðardegi Finna 6. desember, eins og að undanfögnu, og verður nánar getið um skemmtunina síðar. Athygli skal vakin á því að þeir, sem óska að gerast meðlimir félagsins, geta skrifað sig á lista, sem liggur frammi í Bókaverzlun Lárusar Blöndal.

broti og mjög vel til útgáfunnar vandað. Þýðingin er gerð af Hersteini Pálssyni ritstjóra, en bókin prentuð í prentsmiðjunni Odda.



„Eitt sinn skal hver deyja“

(Nobody Lives Forever)

Ákaflega spennandi og viðburðarík ný amerísk saka-málamynd.

John Garfield,
Geraldine Fitzgerald,
Walter Brennan.

Bönnuð börnum inn
12 ára.

Sýnd kl. 7 og 9.

KONA FISKIMANNSINS
og fleiri gullfallegar rússneskar teiknimyndir í litum.

Sýnd kl. 3 og 5
Sala hefst kl. 11 f. h.



Mannætan frá Kumaon

(Man-eater of Kumaon)

Mjög spennandi ný amerísk ævintýramynd, gerist meðal manna og villidýra í frumskógum norður Indlands.

Aðalhlutverk: Sabu

og Wendell Corey.

Sýnd kl. 3, 5, 7 og 9.

Sala hefst kl. 11 f. h.



Dorofhy eignast son

Sýning í kvöld kl. 8.

Aðgöngumiðasala eftir kl. 2 í dag.

Sími 3191.



Draumagyðjan mín

Framúrskarandi skemmtileg þýsk mynd.

Marika Röök
Georg Alexander
Walter Muller

Vegna mikillar aðsóknar

Sýnd kl. 7 og 9.

KAZAN

Spennandi ný amerísk mynd frá Columbia um undrahundinn Kazan.

Sýnd kl. 3 og 5.



Ástin ræður

(Gross my heart)

Sprengjægleg og glæsileg amerísk mynd um óút-reiknanlega vegi ástarinnar.

Betty Hutton

Sonny Tufts

Rhys Williams

Sýnd kl. 3, 5, 7 og 9.

Suðuplötur

Kr. 147,50.

Jólatrésliós

170 og 195 kr.

Straujárn

með hitastilli kr. 220,00.

Brauðristar

sjálfvirkar kr. 438,00.

VÉLA- OG RAF- TÆKJAVERZLUNIN.

TRYGGVAGÖTU 23.

SÍMI 81279

BANKASTRÆTTI 10.

SÍMI 6456.



Neyðarópið

(Cry Wolf)

Afar spennandi og dularfull ný amerísk kvikmynd byggð á samnefndir skáld sögu eftir Marjorie Garleton.

Aðalhlutverk:

Errol Flynn,

Barbara Stanwyck,

Geraldine Brooks.

Bönnuð börnum innan
16 ára.

Sýnd kl. 5, 7 og 9.

Lögrefluforinginn

ROY ROGERS.

Sýnd kl. 3.

Sími 9184.



Maja frá Malö

Inga Lindgré

Olaf Bergström

Aukamynd: Kanadaferð

Elisabetu prinsessu.

Sýnd kl. 5, 7 og 9.

SONUR HRÓA HATTAR

Sýnd kl. 3.

VETRARTÍZKAN 1952

Sýnd kl. 2.



Rifbein Adams

(ADAM'S RIB)

Ný amerísk gamanmynd.

Spence Tracy

Katharine Hepburn

Judy Holliday

(„beztu leikkona ársin“).

Sýnd kl. 7 og 9.

Teiknimyndin

MJALLHVÍT og DVERG-
ARNIR SJÓ.

Sýnd kl. 3 og 5.

Sími 9249.